FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# Frumvarp til fjárlaga 2018
# Jafnvægi, velferð og kaupmáttur

Blaðamannafundur

12. september 2017, klukkan 9.00

# Breytt verklag

- Fjármálaáætlun leggur allar helstu línur
- Frávik dregin sérstaklega fram
- Fjárlög útfæra smáatriðin
  - Nýtt: 3 ára áætlanir í fylgiriti (í stað eins árs)

# Dagskrá næstu daga

**12. september, þriðjudagur**

09:00: Blaðamannafundur fjármálaráðherra. Frumvarp opinberað

13:30: Þingsetning. Frumvarpi útbýtt klukkan 16.00

**13. september, miðvikudagur**

Stefnuræða forsætisráðherra

**14. september, fimmtudagur**

Fyrsta umræða um fjárlög, framsaga fjármálaráðherra

**15. september, föstudagur**

Fyrsta umræða heldur áfram; ráðherrar kynna málefnasviðin sín

# Hvert rit með sitt hlutverk




Fjármálastefna 2017–22




Fjármálaáætlun 2018–22



Frumvarp til fjárlaga 2018



Fylgirit með frumvarpi




Fjárlaga-frumvarpið í stuttu máli

FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# Fjárlagafrumvarp 2018: Helstu niðurstöður

# 44 milljarða afgangur



# VSK samræmdur 1. janúar 2019

- Fyrirhugaðri hækkun VSK í ferðaþjónustu frestað
  - Mögulegt m.a. vegna uppgreiðslu lána
- Kemur til móts við gagnrýni um óheppilega tímasetningu
- Almennt þrep lækkar í 22,5% til hagsbóta fyrir neytendur

# Lykiltölur

| | | |
|---|---|---|
| Frumtekjur | 822 | Allar tekjur nema vaxtatekjur |
| Frumgjöld | 717 | Öll gjöld nema vaxtagjöld |
| Frumjöfnuður | 104 | Afgangur fyrir fjármagnsliði.<br>Sá mesti í Evrópu, 3,8%. |
| Vaxtajöfnuður | -61 | Vaxtagjöld umfram vaxtatekjur. |
| Heildarjöfnuður | 44 | 1,6% af VLF |

*Allar tölur í milljörðum*

# Bætt afkoma eykur velferð

| | |
|---|---|
| Raunvöxtur útgjalda 2017-18* | +4,1% |
| Raunvöxtur útgjalda 2016-18* | +13% |
| Heilbrigðis- og velferðarútgjöld 2017-18†<br>Raunvöxtur | +17,6 ma.<br>+4,4% |

* Svokölluð „rammasett útgjöld". Sýnir vöxt útgjalda fyrir utan launa- og verðlagsþróun og fyrir utan vaxtagjöld, lífeyrisskuldbindingar og fleira þ.h.
† Raunútgjöld; launa- og verðlagsþróun bætist ofan á

FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# Staða og horfur

# Efnahagsmál: samantekt

Efnahagsaðstæður eru almennt afar hagfelldar og nam hagvöxtur 7,2% árið 2016, sem er meiri vöxtur en í nokkru öðru OECD ríki.

Þó útlit sé fyrir að senn hægi á vextinum verða efnahags-aðstæður áfram góðar og gert er ráð fyrir 3,3% hagvexti árið 2018.

Gert er ráð fyrir að þenslan hafi náð hámarki árið 2016 og reiknað er með minni spennu í hagkerfinu árið 2018.

Þrátt fyrir gengisstyrkingu á fyrri hluta a´rsins er ytra jafnvægi þjóðarbúsins gott og áfram er gert ráð fyrir afgangi á viðskiptajöfnuði.

Gengi krínunnar er nú svipað og það var í upphafi árs 2017.

Kaupmáttur er í sögulegu hámarki og mikilvægt er að varðveita hann sem allra best.

Útlit er fyrir að verðbólga fari lítillega upp fyrir markmið Seðlabankans árið 2018 og verði 2,7% (Markmið er 2,5% +/- 1,5%).

Atvinnuleysi verður áfram lítið, eða 3,4% árið 2018.

Nokkuð hægir á vexti útflutnings þar sem reiknað er með hóflegri vexti ferðaþjónustu en verið hefur.

# Þróun helstu hagstærða

Atvinnuþátttaka er góð, atvinnuleysi er með minnsta móti og langtímaatvinnuleysi er nánast horfið.

Innflutningur vinnuafls hefur aukið framleiðslugetu hagkerfisins og dregið úr spennu.

Gert er ráð fyrir að spenna í hagkerfinu hafi náð hámarki árið 2016 og það muni draga úr henni hægt og bítandi á næstu árum.

Kaupmáttur og landsframleiðsla eru komin hátt upp fyrir fyrrum hágildi áranna 2007-2008 og enn sér ekki fyrir endann á núverandi hagvaxtarskeiði.

Kaupmáttur launa hefur vaxið ört undanfarið þar sem verulegar launahækkanir hafa lagst á sveif með lágri verðbólgu, sem hefur verið undir markmiði Seðlabankans í um þrjú og hálft ár.

## Atvinnuleysi og framleiðsluspenna




Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands

## Landsframleiðsla á mann og kaupmáttur

Vísitala, 1998=100




Heimild: Hagstofa Íslands

# Ísland og ESB: Frum- og vaxtajöfnuður hins opinbera og hagvöxtur 2016




*Tölur um frumjöfnuð eru frá Eurostat en tölur um hagvöxt frá OECD. Fyrir Ísland hefur frumjöfnuður hins opinbera fyrir árið 2016 verið leiðréttur annars vegar fyrir 384,3 ma.kr. tekjum af stöðugleikaframlögum og hins vegar fyrir 105,1 ma.kr. fjármagnstilfærslu frá ríkissjóði til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Án leiðréttingar nemur frumjöfnuðurinn 16,3% af VLF.

FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# Árið 2017

# Endurmetin útgjöld árið 2017




- Útgjöld málefnasviða og málaflokka ríkissjóðs fyrir árið 2017 hafa verið endurmetin í ljósi breyttra forsendna og þróunar efnahagsmála á árinu.
- Samtals hækkun um 20,7 ma. kr. Eða 2,7%.
- Enn óvissa um framvindu nokkurra mála.

# Endurmetin útgjöld árið 2017: nánar

| **Endurmetin útgjöld ársins 2017 á rekstrargrunni** | **Útgjöld m.kr.** |
|---|---|
| Sjúkratryggingar: Áætluð umframútgjöld. einkum lækniskostnaðar og lyf með S – merkingu | 7.087 |
| Almannatryggingar: Áætluð umframútgjöld v. elli- og örorkulífeyrisþega | 2.781 |
| Útlendingamál: Áætluð umframútgjöld vegna stóraukins fjölda umsókna um hæli á Íslandi | 2.174 |
| Húsnæðisstuðningur: Stofnframlög til félagslegs leiguhúsnæðis - endurmetin fjárþörf | 1.500 |
| Samgöngur: Framlög v. tiltekinna vegaframkvæmda | 1.200 |
| Sýslumenn: Uppsafnaður halli vegna aðskilnaðar sýslumannsembætta | 270 |
| Menningarstofnanir: Rekstrar- og lausafjárþörf Hörpu | 250 |
| Fjölskyldumál: Endurmat barnabóta | -1.243 |
| Húsnæðisstuðningur: Endurmat vaxtabóta | -1.638 |
| Aðrar breytingar málaflokka | 1.587 |
| Endurskoðuð áætlun um vaxtagjöld ársins | 6.700 |
| **Samtals** | **20.668** |

# Endurmat tekna ríkissjóðs fyrir árið 2017



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# Fjárlagaárið 2018

# Fjögur hagstjórnarmarkmið

1. Aðhald í ríkisrekstri á meðan þensla er mikil
2. Varðveita kaupmátt launa með sátt á vinnumarkaði
3. Stuðla að stöðugleika í gengismálum
4. Tryggja og efla opinbera þjónustu og innviði

# Fjármálastefna 2017–2022: Töluleg markmið

| Hlutfall af vergri landsframleiðslu, % | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hið opinbera, A-hluti:** | | | | | | |
| **Heildarafkoma** | **1,0** | **1,6** | **1,6** | **1,5** | **1,4** | **1,3** |
| þar af ríkissjóður, A-hluta | 1,0 | 1,5 | 1,4 | 1,3 | 1,2 | 1,1 |
| þar af sveitarfélög, A-hluta | 0,0 | 0,1 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 |
| Skuldir* | **37** | **34** | **30** | **28** | **27** | **26** |
| þar af ríkissjóður, A-hluta | 31 | 28 | 24 | 23 | 22 | 21 |
| þar af sveitarfélög, A-hluta | 5,9 | 5,8 | 5,5 | 5,2 | 5,0 | 5,0 |
| **Opinberir aðilar í heild (ríki, sveitarfélög og fyrirtæki þeirra):** | | | | | | |
| Heildarafkoma | **0,5** | **1,6** | **2,1** | **2,5** | **2,4** | **2,3** |
| Skuldir* | 1,0 | 1,6 | 1,6 | 1,5 | 1,4 | 1,3 |

*Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskipaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnistæðum.

# Fjármálaáætlun 2017–2022: Stefnumið

| Þáttur | Stefnumið |
|---|---|
| Hagstjórn | Aðhald verði aukið 2018 til að vega á móti núverandi þenslu en úr því smám saman dregið samhliða minnkandi hagvexti þegar líður á tímabilið. |
| Afkoma | Afgangur af heildarafkomu ríkissjóðs verði aukinn úr 1% af VLF miðað við fjárlög 2017 í 1,5% árið 2018. Eftir það lækki árlegur afgangur í rekstri A–hluta ríkissjóðs um 0,1 prósentustig á ári og verði 1,1% af VLF í lok tímabilsins. |
| Tekjur | Frumtekjur[1] vaxi ekki umfram vöxt VLF fram til ársins 2022. |
| Gjöld | Frumgjöld[1] vaxi ekki umfram vöxt VLF fram til ársins 2022. |
| Skuldir | Heildarskuldir[2] ríkissjóðs verði komnar undir 28% af VLF í árslok 2018 og verði ekki hærri en 21% af VLF í árslok 2022.<br>Öllu óreglulegu og einskiptis fjárstreymi í ríkissjóð verið varið til að greiða niður skuldir eða til lækkunar á ófjármögnuðum lífeyrisskuldbindingum í því skyni að treysta fjárhagsstöðu ríkissjóðs og draga úr vaxtakostnaði. |
| Fjárfesting | Fjárfestingar ríkissjóðs sem hlutfall af VLF verði 1,3% árið 2018 og 1,5% árið 2019, en aukist um 0,1 prósentustig á ári eftir það og verði 1,8% árið 2022. |

[1] Að frádregnum óreglulegum og tímabundnum liðum.
[2] Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnistæðum.

# Heildarafkoma ríkissjóðs 2004-2018




*að frátöldum tilteknum óreglulegum og einskiptis tekju- og útgjaldaliðum s.s. stöðugleikaframlögum og einskiptis framlagi til A-deildar LSR árið 2016.

- Aukinn afgangur í rekstri ríkissjóðs á árinu 2018
- Heildarafkoma ríkissjóðs árið 2018 er áætluð um 44 ma.kr. eða sem nemur 1,6% af VLF
- Óreglulegir liðir skýra lækkun tekna

# Fjármálareglur

| | | |
|---|---|---|
| **Afkomuregla** | Að heildarjöfnuður yfir fimm ára tímabil skuli ávallt vera jákvæður og árlegur halli ávallt undir 2,5% af landsframleiðslu | **Uppfyllt** |
| **Skuldaregla** | Að heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnstæðum, séu lægri en nemur 30% af vergri landsframleiðslu | **Uppfyllist 2019** |
| **Skuldalækkunarregla** | Sé skuldahlutfallið skv. 2. tölulið hærra en 30% skal sá hluti sem umfram er lækka að meðaltali á hverju þriggja ára tímabili um a.m.k. 5% (1/20) á hverju ári | **Uppfyllt** |

FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# Tekjur

# Tekjur ríkissjóðs 2018



# Virðisaukaskattur

- Tilfærsla ferðaþjónustu í almennt þrep 1. janúar 2019
- Komið er til móts við gagnrýni um of skamman aðlögunartíma
- Samhliða lækkar almennt þrep í 22,5%
- Áætluð áhrif á vísitölu neysluverðs eru tæplega –0,5%
- Aðgerðin styrkir grunngerð og skilvirkni VSK-kerfisins og jafnar samkeppnisstöðu milli atvinnugreina
- Hugað verður sérstaklega að stöðu greinarinnar eftir landshlutum með mögulegum mótvægisaðgerðum

# Skattkerfisbreytingar: áhrif á tekjur 2018

## Áform á haustþingi 2017

- Tvöföldun kolefnisgjalds (+4,0 ma.)
- VSK undanþága fyrir vistvæna bíla (–2,0 ma.)
- Jöfnun á olíu- og bensíngjaldi (+1,7 ma.)

## Fyrri kerfisbreytingar með meiri áhrif 2018 en 2017 (alls +2,6 ma.)

- Stuðningur til kaupa á fyrstu íbúð
- Samnýting skattþrepa samskattaðra einstaklinga
- Afnám afsláttar af vörugjöldum bílaleigubíla
- Hækkun gistináttagjalds

# Grænir skattar

- Hluti af stefnu stjórnvalda um umhverfisvernd og loftslagsmál

- VSK felldur niður við innflutning eða kaup á vistvænni bifreið: framlengt til þriggja ára og markmið sett um fjölda bíla
- Kolefnisgjald hækkað – gjald með skýra tengingu við losun $CO_2$
- Olíugjald hækkað umfram bensíngjald í ljósi losunar $CO_2$
- Frekari skref jafnframt undirbúin: uppbygging innviða, nýir hvatar fyrir einstaklinga og fyrirtæki og aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

# Sanngjarnt skattkerfi fyrir alla

- Hertar aðgerðir gegn skattundanskotum og skattaskjólum
- Tillögur þriggja starfshópa – lagafrumvarp á vorþingi
- Samræmt og aukið samstarf skattyfirvalda innanlands
- Áframhaldandi samstarf á vettvangi OECD

# Tekjur aukast um 33 ma.kr. milli 2017 og 2018




Miðað er við endurmetna áætlun um tekjur ársins 2017 (endurmat í ágúst 2017).
Áhrif kerfisbreytinga í neysluskötum innifela hliðaráhrif á VSK.

FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# Gjöld

# Útgjöld ríkissjóðs

- Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 2018 eru áætluð 801 ma.kr.
- Stærsti hluti útgjalda ríkissjóðs fer til félags, húsnæðis- og tryggingarmála annars vegar og heilbrigðismála hins vegar.
- Útgjöld til heilbrigðismála eru áætluð 201 ma.kr. og útgjöld til félags, húsnæðis- og tryggingarmála eru áætluð 208 ma.kr.
- Samtals nema þessi útgjöld meira en helmingi af heildarútgjöldum ríkissjóðs.



# Í hvað fara skattarnir?

- Áætlað er að útgjöld á hvern íbúa vegna heilbrigðismála verði 333 þúsund kr. að meðaltali á árinu 2018.
- Rekstrarframlög vegna framhaldsskóla eru áætluð um 84 þús. krónur á hvern íbúa og bein rekstrarframlög vegna háskólanema eru áætluð tæp 87 þúsund kr. á hvern íbúa. Framlög á nemanda hækka frá fyrra ári að raunvirði.
- Þá er áætlað að húsnæðisstuðningur verði tæpar 39 þúsund kr. á hvern íbúa að meðaltali.

| Útgjöld á hvern íbúa | |
|---|---|
| Löggæsla | 43.170 kr. |
| Samgöngur | 99.979 kr. |
| Umhverfismál | 49.208 kr. |
| Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál | 37.354 kr. |
| Framhaldsskólar | 84.322 kr. |
| Háskólar | 86.660 kr. |
| **Heilbrigðismál** | **333.534 kr.** |
| Fjölskyldumál | 92.489 kr. |
| Húsnæðisstuðningur | 38.937 kr. |
| **Örorkugreiðslur í almannatryggingakerfinu** | **160.659 kr.** |
| **Málefni aldraðra** | **216.156 kr.** |

# Frumútgjöld ríkissjóðs aukast um 48 ma.kr.



# Útgjaldaskuldbindingar: 28 ma.kr.

| Helstu breytingar | Útgjöld ma.kr. |
|---|---|
| Aukin útgjöld umfram forsendur fjárlaga 2017 | 9,8 |
| *þar af: Sjúkratryggingar - einkum vegna lækniskostnaðar og lyfja* | *4,8* |
| *þar af: Almannatryggingar – einkum vegna elli- og örorkulífeyrisþega* | *3,1* |
| *þar af: Útlendingamál – vegna aukins fjölda umsókna um hæli* | *1,9* |
| Almannatryggingar - *áætluð fjölgun bótaþega 2018* | 2,7 |
| Framkvæmdir við Dýrafjarðargöng | 2,0 |
| Bygging nýs Landspítala | 1,5 |
| Hækkun stofnframlaga til byggingar og kaupa á almennum íbúðum | 1,5 |
| Atvinnuleysisbætur – *spá um aukið atvinnuleysi frá forsendum fjárlaga 2017* | 1,5 |
| Fæðingarorlofssjóður – *hækkun hámarksgreiðslna og kjarasamninga* | 1,1 |
| Framkvæmdalok við Norðfjarðargöng, vegtengingu o.fl. við Bakka | -2,6 |
| Vaxtabætur – *m.v. óbreyttar viðmiðunarfjárhæðir og reiknireglur* | -2,0 |
| Önnur bundin útgjöld | 12,9 |
| ***Samtals breytingar á útgjaldaskuldbindingum*** | **28,4** |

# Laun, verðlag og gengi: 18 ma.kr.



# Skuldbindandi samningar nema 14% af frumútgjöldum 2017

- Fjöldi skuldbindandi samninga 226
  - þar af 97 rekstar- og þjónustuverkefni samtals 74 ma.kr.
  - þar af 129 styrktar- og samstarfsverkefni 22 ma.kr.
- Heildarumfang 96,5 ma.kr. eða 14% af frumútgjöldum 2017
- Umfangið er hlutfallslega mest á þremur málefnasviðunum - *Landbúnaður*, *Fjölmiðlun* og *Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta*
- … eða á bilinu 70 - 90% af heildarfjárheimildum málefnasviðanna
  - Á málefnasviðinu *Fjölmiðlun* skýrist það af þjónustusamningi við Ríkisútvarpið ohf.
  - Á málefnasviði *Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta* er stærstur hlutinn vegna rammasamnings um hjúkrunarheimili sem gerður var 2016
  - Nær öll útgjöld málefnasviðsins *Landbúnaður* má rekja til búvörusamnings sem gerður var árið 2016



# Kynjagleraugun mikilvæg við fjárlagagerð

## Styður við markmið laga um opinber fjármál

- Bætt vinnubrögð innan stjórnsýslunnar.
- Ef tekið er mið af kynjasjónarmiðum þegar ákvarðanir eru teknar eru meiri líkur á því að ná þeim árangri sem til er ætlast.
- Upplýstari ákvarðanataka og betri nýting á opinberum fjármunum.

## Jafnræði og réttlæti

- Tekjuöflun og ráðstöfun opinbers fjár hefur ólík áhrif á kynin vegna mismunandi stöðu þeirra.
- Dæmi um ólík kynjaáhrif er ákvörðun um samnýtingu skattþrepa.
- Kringum 93% af þeirri ívilnun sem af samsköttuninni hlýst hækkar ráðstöfunartekjur karla en einungis í 7% tilvika hjá konum.

## Árið 2018

Jafnréttismat aðgerða og kerfisbundin vinna við að flétta kynjasjónarmið inn í öll ferli áætlunargerðarinnar.

Lögð áhersla á að greina málefnasvið og með slíkri greiningu á að vera hægt að forgangsraða og leggja áherslu á ákveðin svið og málaflokka á komandi árum.

Ísland verður leiðandi meðal OECD ríkja í kynjaðri fjárlagagerð.

FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# Málefnaáherslur

# Velferðarmál

- Hækkun örorkulífeyris og ellilífeyris þegar lágmarksfjárhæð á einstakling sem býr einn hækkar úr 280 þús í 300 þús kr.
- Fjölþættur húsnæðisstuðningur
- Hærri greiðslur í fæðingarorlofi
- Stóraukin framlög til móttöku fleiri flóttamanna
- Stuðningur til atvinnuþátttöku fyrir fólk með skerta atvinnugetu

# Heilbrigðismál

- Bygging nýs Landspítala hefst
- Þjónusta í geðheilbrigðismálum bætt með ýmsum hætti
- Heilsugæslan styrkt sem fyrsti viðkomustaður

# Atvinnumál

- Innviðir og rannsóknir í ferðamálum styrkjast
- Tækniþróunarsjóður og skattaafsláttur vegna rannsóknar og þróunar um 5 ma.kr.
- Hafrannsóknir efldar

# Umhverfismál

- Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum væntanleg
- Grænir skattar, grænar ívilnanir og uppbygging innviða
- Náttúruperlur verndaðar og byggðar upp

# Menntamál

- Máltækniáætlun ýtt úr vör
- Bygging Húss íslenskra fræða kemst aftur á skrið
- Framlög á hvern framhaldsskólanema hækka

# Öruggar og greiðar samgöngur

- 18 milljarðar í framkvæmdir og viðhald vega
- Dýrafjarðargöng, Berufjarðarbotn, Vestmannaeyjaferja
- Hafnabótasjóður eflist
- *Ísland ljóstengt* heldur áfram

FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# Almennt

# Skuldir ríkissjóðs lækka hratt



# Talnaefni frumvarps

- Talnaefni frumvarps er sett á vef ráðuneytisins
- Áfram verður unnið að því að bæta tölvutæka framsetningu talnaefnis



# Reikningar opnaðir

- Vefurinn opnirreikningar.is var opnaður í gær
- Skref í átt að auknu aðgengi að fjárhagsupplýsingum
- Yfirlit yfir greidda reikninga úr bókhaldi ráðuneyta
- Hægt að leita eftir stofnunum, birgjum, tegund kostnaðar og tímasetningu
- Stofnanir bætast við í áföngum



# Ísland er öfundsvert

- Fátækt er hvergi minni en á Íslandi skv. OECD
- GINI hvergi betra skv. OECD
- Staða kynjanna hvergi jafnari skv. OECD
- Heilbrigðiskerfi: 2. sæti af 195 þjóðum skv. Lancet

FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# Frumvarp til fjárlaga 2018

FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# Ítarefni

# Orðskýringar

| Hugtak | Lýsing |
|---|---|
| Heildarjöfnuður | Heildartekjur að frádregnum heildargjöldum |
| Vaxtajöfnuður | Vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum |
| Frumjöfnuður | Heildarjöfnuður að frádregnum vaxtajöfnuði |
| Fjárheimild | Tilgreind fjárhæð sem Alþingi hefur ákveðið að megi ráðstafa á tilteknu fjárlagaári til málefnasviða og málaflokka. |
| Fjárveiting | Tilgreind fjárhæð í fylgiriti með fjárlögum sem sýnir ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til stofnana og verkefna. |
| Málefnasvið | Svið eðlisskyldra málaflokka sem skilgreint er á grunni staðals Sameinuðu þjóðanna um flokkun gjalda. |
| Málaflokkur | Flokkun eðlisskyldra stjórnarmálefna sem falla undir tiltekið málefnasvið. |
| Fjármálastefna | Stefna ríkisstjórnar sem lögð er fram á Alþingi um almenn markmið í opinberum fjármálum til eigi skemmri tíma en fimm ára. |
| Fjármálaáætlun | (voráætlun): Áætlun ríkisstjórnar sem lögð er fram á Alþingi hvert vor. Áætlunin felur í sér greiningu á stöðu efnahagsmála, markmið um þróun fjármála ríkis og sveitarfélaga, ráðstöfun útgjalda ríkisins til málefnasviða og umfjöllun um hvernig markmiðum áætlunarinnar verði náð. Voráætlun byggir á fjármálastefnu. |
| Opinber fjármál | Fjármál ríkis og sveitarfélaga og stofnana þeirra, svo og sjóða og fyrirtækja sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkis eða sveitarfélaga. |